

## AUGLÝSING um deiliskipulag í Sveitarféluginu Ölfusi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss á fundi sínum 27. ágúst 2015 samþykkt eftirfarandi deiliskipulag og umhverfisskýrslu. Málsmeðferð var skv. 41. gr. skipulagslaga. Athugasemda fresti lauk 6. ágúst 2015. Engar athugasemdir bárust á kynningartímanum:

*Deiliskipulag fyrir Hlíðartungu, landnr. 190896, Ölfusi.*

Um er að ræða spildu sem skipt er upp í 3 lóðir. Land nr. 1 er 5.000 m<sup>2</sup>, land 2 er 5.000 m<sup>2</sup> og lóðin næst Ingólfssfjalli um 2,7 ha. Byggingarskilmálar á 6 reitum fyrir byggingar á einni hæð er lýst á uppdrætti. Heimilt er að byggja 3 íbúðarhús, vinnustofur, gestahús og 1.000 m<sup>2</sup> skemmu á reitunum. Byggður verður að komuvegur frá Hvammsvegi, sem er á forræði landeiganda. Eignaskiptasamningur liggur fyrir um hann, gerð hans og viðhald. Deiliskipulagið er í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Byggingarreitur íbúðarhúss sem liggur næst Hvammsvegi, er 75 m frá honum. Aðkoma að skikanum er frá Hvammsvegi nr. 374.

Deiliskipulagið hefur verið auglýst og kynnt og hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Þorlákshöfn, 30. nóvember 2015.*

**Sigurður Ósmann Jónsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 14. desember 2015